

Fimmtudaginn 15. janúar 1998.

Nr. 149/1997.

**Íslandsbanki hf.**

(Jón G. Briem hrl.)

gegn

**Reiknistofu fiskmarkaða hf.**

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

Ábyrgð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arn-  
ljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. apríl 1997 og krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður, en til vara, að krafa stefnda verði lækkuð í 1.035.539 krónur. Einnig krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að áfrýjandi greiði 1.035.539 krónur ásamt dráttarvöxtum, eins og greinir í héraðsdómi. Skýrir stefndi þessa lækkun með því, að 1.100.000 krónur hafi borist upp í kröfu sína frá Íslenskum gæðafiski hf. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti féll áfrýjandi frá sýknukröfu á grundvelli aðildarskorts.

### **I.**

Í bréfi 1. júlí 1993 tók áfrýjandi á sig ábyrgðarskuldbindingu, allt að fjárhæð 500.000 krónur, gagnvart stefnda. Skuldbindingin var til tryggingar því, að Íslenskur gæðafiskur hf. greiddi andvirði fisks, sem félagið keypti á Fiskmarkaði Suðurnesja hf. Tekið er fram í bréfinu, að ábyrgðin falli úr gildi 1. júlí 1993, en aðilar eru sammála um, að þar sé um misritun að ræða, og eigi ártalið að vera 1994.

Svo sem greinir í héraðsdómi, framlengdi áfrýjandi ábyrgðarskuldbindingu sína tvisvar. Segir í bréfi áfrýjanda til stefnda 30. júní 1994, að gildistími ábyrgðarinnar sé framlengdur til 1. janúar 1995. Í öðru bréfi, dagsettu 3. janúar 1995, er ábyrgðin framlengd til 1. júlí 1995. Fjárhæð hennar nam þá 3.000.000 króna eftir hækkun, sem

gerð var 31. mars 1995. Starfsmaður áfrýjanda bar fyrir dómi, að hann hefði að jafnaði ekki framlengt ábyrgðir fyrir stefnda fyrir en um mánaðamót.

## II.

Áfrýjandi heldur því í fyrsta lagi fram, að greiðsluskylda sín samkvæmt ábyrgðinni sé bundin því skilyrði, að farið sé eftir starfsreglum fiskmarkaðarins, en samkvæmt grein 4.8 í starfsreglum fyrir Fiskmarkað Suðurnesja hf., er settar voru í janúar 1995, skal kaupandi greiða andvirði fisks, sem hann kaupir á markaðinum, „ekki síðar en á fimmtudegi næstu viku eftir uppboð“. Einnig segir í ákvæði þessu, að greiði kaupandi ekki á tilskildum tíma, það er á fimmtudegi, verði greiðslan „tekin út á ábyrgð kaupanda á föstudegi“. Telur áfrýjandi, að stefnda hafi verið skylt að ganga að ábyrgð bankans strax daginn eftir vanskil af hálfu fiskkaupanda eða á nánar tilgreindum dögum í apríl 1995. Það hafi stefndi hins vegar ekki gert. Eftir gögnum málsins sendi stefndi áfrýjanda ekki skriflega kröfu um greiðslu af ábyrgðinni fyrir en 6. júlí 1995. Í bréfi áfrýjanda 1. júlí 1993 um stofnun ábyrgðarinnar til handa stefnda segir svo: „Samkvæmt starfsreglum yðar. . . ber kaupanda fisks á uppboðsmarkaði yðar að setja greiðslutryggingu fyrir væntanlegum viðskiptum sínum við yður. Greiðslur vegna viðskiptanna skulu fara fram í síðasta lagi á fimmtudegi í vikunni eftir, að uppboð fer fram.“ Ekki verður talið, að af orðalagi þessu verði dregin sú ályktun, að stefnda hafi verið skylt að krefja áfrýjanda um efndir samkvæmt ábyrgðinni, jafnskjótt og stefndi gat sýnt fram á, að aðalskuldari, Íslenskur gæðafiskur hf., var í vanskilum gagnvart stefnda. Áfrýjandi hefur ekki fært fram önnur haldbær rök fyrir þeirri málsástæðu, sem hér um ræðir. Er því ekki fallist á hana.

## III.

Í öðru lagi ber áfrýjandi fyrir sig, að eftir ábyrgðarskilmálanum sé ábyrgðarmanni ekki skylt að greiða ábyrgðarkröfu, sem höfð var uppi af hálfu kröfuhafa, eftir að ábyrgðartíma lauk, það er 1. júlí 1995, en eins og fyrr segir, sendi stefndi áfrýjanda ekki skriflega kröfu um greiðslu fyrir en 6. júlí 1995. Um gildistíma ábyrgðarinnar segir aðeins í bréfi áfrýjanda 1. júlí 1993, að hún falli úr gildi nánar tiltekinn dag. Sama á við um bréf, sem áfrýjandi ritaði stefnda um

framlengingu ábyrgðartímans, fyrst til 1. janúar 1995 og síðar til 1. júlí 1995. Ágreiningslaust er, að kröfur stefnda á hendur aðalskuldara, Íslenskum gæðafiski hf., féllu í gjalddaga, áður en gildistíma ábyrgðar áfrýjanda lauk 1. júlí 1995. Hafi það verið ætlun áfrýjanda að binda ábyrgðina því skilyrði, að stefndi krefðist greiðslu ábyrgðarkröfunnar fyrir 1. júlí, hefði áfrýjanda verið í lófa lagið að láta það koma skýrt fram í ábyrgðarskilmálum. Verður því að velja þann skýringarkost, sem er hagstæðari stefnda, og telja, að umdeild ábyrgð takmarkist ekki við ábyrgðarkröfur, sem gerðar voru á hendur áfrýjanda fyrir 1. júlí 1995. Að fenginni þessari niðurstöðu þarf ekki að fjalla sérstaklega um rök stefnda, sem lúta að því, hvernig áfrýjandi hagaði framlengingu á ábyrgðum, sem hann tókst á hendur fyrir stefnda.

#### IV.

Með vísun til forsendna héraðsdóms er fallist á þá niðurstöðu hans, að áfrýjanda sé óskýlt að greiða stefnda vegna fiskkaupa, sem gerð voru eftir 6. apríl 1995, þegar ljóst varð, að aðalskuldari, Íslenskur gæðafiskur hf., innti ekki af hendi greiðslur, sem honum bar að standa skil á vegna fisks, sem hann keypti 31. mars og 1. apríl 1995. Samkvæmt því og þegar litið er til kröfugerðar stefnda fyrir Hæstarétti, verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 1.035.539 krónur með dráttarvöxtum, svo sem segir í dómsorði.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, sem ákveðinn er í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Íslandsbanki hf., greiði stefnda, Reiknistofu fiskmarkaða hf., 1.035.539 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. febrúar 1996 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 350.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjaness 23. janúar 1997.**

Ár 1997, fimmtudaginn 23. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Gunnari Aðalsteinssyni

héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-1024/1996: Reiknistofa fiskmarkaða hf. gegn Íslandsbanka hf.

Mál þetta var þingfest 25. september 1996 og tekið til dóms 16. janúar sl.

Stefnandi er Reiknistofa fiskmarkaða hf., kt. 480592-2479, Hafnarbakka 13, Njarðvík. Stefndi er Íslandsbanki hf., kt. 421289-5069, Kirkjusandi 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu 2.500.000 króna með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. febrúar 1996 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

## I.

Stefnandi rekur hug- og tölvubúnað og annast uppgjör og reikningsskil fyrir fiskkaupendur og fiskseljendur við fiskmarkaði og skyld fyrirtæki. Stefnandi starfar m. a. í þágu Fiskmarkaðar Suðurnesja hf., sem hefur leyfi stjórnvalda til að reka uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, sbr. lög nr. 123/1989.

Íslenskur gæðafiskur hf. keypti um nokkurt skeið fisk af Fiskmarkaði Suðurnesja hf. Íslenskur gæðafiskur hf. staðgreiddi ekki, heldur nýtti sér greiðslufrest, sem í boði var. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 123/1989 skal leyfishafi uppboðsmarkaðar krefja kaupanda fisks um greiðslutryggingu í slíkum tilvikum. Þar kom stefndi til skjalanna og veitti Íslenskum gæðafiski hf. ábyrgð vegna viðskiptanna. Ábyrgðin var stíluð á stefnanda, og var hún út gefin 1. júlí 1993, að fjárhæð 500.000 krónur, og skyldi hún gilda til 1. júlí 1994. Segir í ábyrgðinni, að greiðslur vegna fiskviðskiptanna skuli fara fram í síðasta laga á fimmtudegi í vikunni eftir, að uppboð var haldið. Þá segir jafnframt í ábyrgðinni, að verði greiðslufall af hálfu Íslensks gæðafisks hf., ábyrgist stefndi greiðslur gagnvart stefnanda gegn framvísun reiknings og árangurslaus kröfubréfs á hendur Íslenskum gæðafiski hf.

30. júní 1994 framlengdi stefndi ábyrgðina til 1. janúar 1995, og 3. janúar 1995 var gildistími hennar enn framlengdur til 1. júlí 1995. Með bréfi 31. mars 1995 hækkaði stefndi ábyrgðina um 2.500.000 króna, og var hún þá komin í 3.000.000 króna.

Svo fór, að Íslenskur gæðafiskur hf. lenti í vanskilum vegna kaupa á fiski tímabilið 31. mars til 11. apríl 1995, samtals að fjárhæð 4.665.224 krónur. Lokað var á frekari viðskipti. Forsvarsmaður stefnanda tilkynnti stefnda bréflega 6. júlí 1995 um vanskilin, en kveðst hafa verið í sambandi við starfsmann útibús stefnda í Keflavík um framgang málsins, eftir að vanskil urðu ljós. Með bréfinu 6. júlí 1995 var stefnda tilkynnt, að gengið yrði að ábyrgðinni, og daginn eftir voru 2.500.000 krónur skuldfærðar á sérstökum millifærslureikningi hjá Sparisjóðnum í Grindavík. Skuldfærsla þessi var

heimil samkvæmt skilmálum í ábyrgðarskjalinu. Með bréfi stefnda til stefnanda 22. september 1995 mótmælti stefndi skuldfærslunni og krafði stefnanda um endurgreiðslu aðallega vegna þess, að ábyrgðin hefði fallið niður 1. júlí 1995. Með bréfi 21. september 1995 til Sparisjóðsins í Grindavík áskildi stefndi sér rétt til að skuldfæra millifærslureikning sparisjóðsins, yrði stefnandi ekki við kröfu stefnda um endurgreiðslu. Aðilar héldu fund um málið í lok árs 1995, án þess að samkomulag næðist. Hinn 29. febrúar 1996 skuldfærði stefndi áðurnefndan millifærslureikning hjá Sparisjóðnum í Grindavík um 2.500.000 krónur. Sama dag tók sparisjóðurinn sömu fjárhæð út af reikningi stefnanda við Sparisjóðinn í Grindavík.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 123/1989 um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla veitir sjávarútvegsráðherra leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar. Leyfisveitingin er háð því skilyrði, að áður sé búið að samþykka reglur fyrir fiskmarkaðinn, sbr. 4. gr. laganna. Þegar umdeild viðskipti fóru fram, voru í gildi starfsreglur, sem ráðherra samþykkti 17. janúar 1995 fyrir Fiskmarkað Suðurnesja hf. Í starfsreglum segir m. a.:

„Endanlegar greiðslur á fiskkaupum samkvæmt bankaábyrgðum fara fram ekki síðar en á fimmtudegi næstu viku eftir uppboð. Daginn eftir verður „nettó“ uppboðsandvirði greitt til seljanda í gegnum viðskiptabanka þeirra. Greiði kaupandi ekki á tilskildum tíma, þ. e. á fimmtudeginum, reiknast hæstu lögleyfðu dráttarvextir á skuldina, og greiðslan verður tekin út á ábyrgð kaupanda á föstudegi.

Kaupanda, er ekki greiðir á gjalddaga, er ekki heimilt að kaupa áfram, þó að ábyrgð sé ekki að fullu nýtt.“

Ágreiningslaust er, að umdeild viðskipti Íslensks gæðafisks hf. fóru fram sem hér segir:

31.	mars	kr.	40.879	
1.	apríl	–	18.350	
2.	apríl	–	0	
3.	apríl	–	18.698	
4.	apríl	–	1.776.442	
5.	apríl	–	165.208	
6.	apríl	–	115.962	
7.	apríl	–	17.797	
10.	apríl	–	706.713	
11.	apríl	–	1.805.175	
12.–19.	apríl	–	0	
20.	apríl	–	9.338	(karagjald, þar sem körum var ekki skilað)

---

Samtals kr. 4.674.562

Stefnandi telur, að ábyrgðin hafi verið í fullu gildi, þegar viðskiptin fóru fram í byrjun apríl 1995. Enda þótt í ábyrgðarskjali segi, að ábyrgðin gildi til 1. júlí 1995 og stefnandi hafi ekki sett fram kröfu fyrir en eftir þann tíma, beri engu að síður að miða við þann tíma, er viðskiptin fóru fram. Samkvæmt starfsreglum stefnanda, sem hann vísar sérstaklega til í ábyrgðarskjali sínu, sé fyrirkomulag á greiðslum þannig, að þær skuli inna af hendi eigi síðar en á fimmtudegi í næstu viku eftir uppboð. Þannig verði ekki ljóst fyrir en allt að tveimur vikum eftir kaupdag, hvort vanskil hafi orðið á greiðslu. Ef fallist væri á sjónarmið stefnda um gildistíma, myndi sú niðurstaða leiða til þess, að endurnýja þyrfti ábyrgð í síðasta lagi fjórtán dögum áður en hún rynni út, svo að versla mætti út gildistímann. Þetta sé gagnstætt venju og allri skynsemi.

Stefnandi bendir sérstaklega á, að stefndi hafi í þriggung framlengt þá ábyrgð, sem hér sé deilt um, og eitt skiptið þremur dögum eftir að gildistími rann út. Þannig sé stefndi í algjörrí mótsoðgn við eigin starfshætti, þegar hann haldi því fram, að ábyrgðin gildi í raun einungis fyrir viðskipti, sem fari fram stað í síðasta lagi sjö til fjórtán dögum fyrir lokadagsetningu, sem í henni sé tilgreind. Það liggir í augum uppi, að ekki sé hægt að framlengja ábyrgð, eftir að hún sé fallin úr gildi.

Stefnandi telur, að hann hafi sett kröfu sína fram innan rétttra tímamarka. Engin skilyrði séu í ábyrgðinni um, að krafa þurfi að koma fram innan tiltekens frests, frá því að vanskil verði á skuld. Stefnda hafi verið í lófa lagið að setja slík skilyrði í ábyrgðina, eins og sumir aðrir bankar geri. Hann verði því að bera hallann af því, að það var ekki gert.

Sú sérstaka skylda hvíli á fjármálastofnunum að ganga vel og tryggilega frá þeim skilmálum og samningum, sem þær hyggjast bera fyrir sig í viðskiptum.

Að lokum eru kröfur stefnanda studdar þeim rökum, að stefndi hafi með tómlæti fyrirgert rétti sínum til endurgreiðslu ábyrgðarinnar. Svo langur tími leið, frá því að ábyrgðin greiddist út og þangað til stefndi gerði reka að því að krefjast ætlaðs réttar síns, að stefnandi mátti á þeim tíma ekki búast við neinum mótmælum gegn ábyrgðinni. Sérstaklega ríka kröfu verði að gera til tafarlausra tilkynninga í viðskiptum sem þessum. Stefndi hafi því um langt skeið enga ástæðu haft til að leita annarra leiða til að tryggja kröfu sína á hendur Íslenskum gæðafiski hf. Í því sambandi megi benda á, að árangurslaust fjárnám hafi verið gert hjá Íslenskum gæðafiski hf. og ljóst, að innheimta á hendur félaginu sé vonlaus.

Stefndi styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi aðildarskorti. Stefndi bera

að beina málsókn sinni að Sparisjóðnum í Grindavík, sem hafi án umboðs millifært 2.500.000 krónur af reikningi stefnanda. Sú millifærsla hafi verið stefnda óviðkomandi. Sparisjóðurinn hafi auk þess farið út fyrir umboð sitt, þegar hann greiddi stefnanda, eftir að gildistími ábyrgðar var útrunninn. Í öðru lagi reisir stefnandi sýknukröfu sína á þeim grunni, að krafa stefnanda um greiðslu hafi verið of seint fram komin. Heimild Sparisjóðsins í Grindavík til að skuldfæra millifærslureikning stefnda hafi fallið niður 1. júlí 1995, og eftir þau tímamörk hafi sparisjóðnum borið að synja um greiðslu. Í þriðja lagi bendir stefndi á, að stefnandi hefði átt að stöðva viðskipti við Íslenskan gæðafisk hf. og krefja stefnanda um greiðslu 7. apríl 1995 samkvæmt þeim starfsreglum, sem í gildi voru, er viðskiptin fóru fram. Hinn 7. apríl hafi stefnanda verið kunnugt um vanskil Íslensks gæðafisks hf. Öll frekari viðskipti voru því á áhættu stefnanda. Stefnandi hafi brotið þær reglur, sem um hans starfsemi giltu. Málartilbúningur stefnanda sé einnig í andstöðu við ákvæði laga nr. 123/1989.

Stefndi mótmælir þeirri málsástæðu stefnanda, að stefndi hafi fyrirgert rétti sínum sökum tómlætis. Þá mótmælir stefndi þeirri málsástæðu, að hann beri einhverjar skyldur umfram stefnanda á grundvelli aðstöðumunar aðila.

Við aðalmeðferð komu fyrir dóminn Ólafur Þór Jóhannsson, starfsmaður stefnanda, Albert Svavarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Íslensks gæðafisks hf., og Jón Ólafur Jónsson og Eiríkur Alexandersson, báðir starfsmenn stefnda.

### III.

Um viðskipti aðila giltu lög nr. 123/1989 um uppboðsmarkaði fyrir sjávaraflla. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laganna skal uppboðsmarkaður krefja kaupanda fisks um greiðslutryggingu, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða. Samkvæmt 4. gr. laganna skal uppboðsmarkaður setja sér starfsreglur, sem ráðuneyti samþykkir. Þegar umdeild viðskipti fóru fram, voru í gildi starfsreglur, sem samþykktar höfðu verið 17. janúar 1995. Í þeim reglum segir, að sé um lánsviðskipti að ræða samkvæmt bankaábyrgð, skuli kaupandi greiða eigi síðar en á fimmtudegi í næstu viku eftir uppboð. Greiði kaupandi ekki á gjalddaga, skulu honum óheimil frekari viðskipti.

Fiskmarkaður Suðurnesja hf. heimilaði Íslenskum gæðafiski hf. kaup í lengri tíma en reglur heimiluðu. Kaup á fiski föstudaginn 31. mars og 1. apríl 1995 voru gerð í 13. viku ársins. Kaupandi greiddi ekki fimmtudaginn 6. apríl í 14. viku, eins og starfsreglur kváðu á um. Voru þá vanskil komin í ljós, og bar stefnanda að stöðva frekari kaup. Kaup eftir þann tíma voru á

ábyrgð og áhættu Fiskmarkaðar Suðurnesja hf. og stefnanda. Samsöfnuð skuldr var þá 2.135.539 krónur.

Stefndi ber fyrir sig aðildarskort. Telja verður, að beint réttarsamband hafi verið milli aðila, sem grundvallaðist á ábyrgðarskjalinu. Í því er tekið fram, að stefndi sé að ábyrgjast þriðja mann gagnvart stefnanda. Deila aðila snýst um þetta réttarsamband og greiðslur úr þessari ábyrgð. Telst aðild því rétt varnar megin.

Meginágreiningur aðila er um gildistíma ábyrgðarinnar. Heldur stefndi því fram, að ábyrgðin hafi runnið út 1. júlí 1995 eftir orðanna hljóðan í ábyrgðarskjali. Stefnandi heldur því aftur á móti fram, að túlka beri ábyrgðaryfirlýsingu stefnda þannig, að hún eigi við viðskipti allt til 1. júlí 1995, óháð því, hvenær krafa hafi verið gerð. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi kynnt fyrirsvarsmönnum stefnda framgang málsins, eftir að vanskil urðu ljós. Gegn andmælum stefnda telst þessi staðhæfing ósönnuð. Þá hefur einnig komið fram í málinu, að stefndi breytti ábyrgðarskilmálum, og er nú skilmerkilega tekið fram, fyrir hvaða tímabil ábyrgð eigi að gilda og hvenær krafa skuli í síðasta lagi koma fram.

Fallast ber á með stefnanda, að viðskipti væru óhugsandi síðustu tólf daga ábyrgðartímans, ef sjónarmið stefnda réðu. Sú var hins vegar ekki reyndin lengi vel og kaup gerð allt fram á síðasta dag. Stefnandi taldi einnig nægilegt að framlengja ábyrgðina á síðasta degi. Stefnandi mátti því gera ráð fyrir miðað við fyrri viðskipti aðila, að ábyrgðin næði til þeirra viðskipta, sem fram fóru á gildistímanum, óháð því, hvenær krafa kæmi fram. Telja verður einnig, að ábyrgðin hafi verið ófullkomin að því leyti, að ekki var getið um, hvenær kröfu skyldi gera. Stefnandi gat því verið í óvissu um þetta atriði, sérstaklega með tilliti til fyrri viðskipta aðila og þeirrar venju stefnda að framlengja gjarnan ábyrgðir á síðasta degi. Þá ber einnig til þess að líta, að stefndi er fjármálastofnun og hefur yfir að ráða reynslu og sérþekkingu á þessu sviði.

Niðurstaða málsins verður því sú, að kröfuréttur stefnanda á hendur stefnda vegna ábyrgðarinnar verður ekki talinn hafa verið niður fallinn 6. júlí 1995. Stefnandi verður því dæmdur til að endurgreiða stefnanda 2.135.539 krónur með dráttarvöxtum frá 29. febrúar 1996 til greiðsludags. Eftir þessari niðurstöðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, að fjárhæð 300.000 krónur. Ekki er þá tekið tillit til reglna um virðisauka-skatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

## D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði stefnanda, Reiknistofu fiskmarkaða hf., 2.135.539 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 29. febrúar 1996 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 300.000 krónur í málskostnað.

---